

Skipulagsstofnun
Jón Smári Jónsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 25. nóvember 2019
UST201910-273/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Golfvöllur við Rif á Snæfellsnesi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 24. Október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Fyrirhugað er að gera níu holu golfvöll á 43 ha svæði sunnan byggðar á Rifi á Snæfellsnesi.

Framkvæmdin er innan svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá og er verndargildi svæðisins talið vera: *Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.*

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki skerða verndargildi svæðis nr. 223 á náttúruminjaskrá.


Umhverfisstofnun telur að helstu umhverfisáhrif framkvæmdarinnar felist í truflun á fuglalífi en mikið kríuvarp er á aðliggjandi svæði. Krían (*Sterna paradisaea*) fellur undir forgangstegund fugla á Íslandi skv. skilgreiningu Náttúrufræðistofnunar Íslands þar sem hún er ábyrgðartegund sökum hversu stór hluti Evrópustofnsins verpir á landinu. Framkvæmdin mun líka skerða varpvæði mófugla skv. greinargerð en Umhverfisstofnun bendir á að margar tegundir í þeim hópi fugla eru ábyrgðartegundir Íslands. Á svæðinu hefur einnig sést til branduglu (*Asio flammeus*). Í greinargerð segir að möguleg mótvægisáðgerð við skerðingu varpsvæðis mófugla gæti verið að rækta nýtt graslendi sem ekki yrði slegið, á uppblásnu landi, utan fyrirhugaðra golfbrauta. Umhverfisstofnun bendir á að vistgerðir hávaxinna grasa eru ekki kjörlendi margra mófugla og kann að henta illa sem varplendi og þyrftu slíkar mótvægisáðgerðir að vera gerðar undir leiðsögn fuglafræðinga að mati Umhverfisstofnunar. Umrætt svæði er að mestu sendið graslendi skilgreint sem bugðupuntsvist og einnig uppblásin og gróðursnauð svæði skv. greinargerð. Þar er nú að finna ýmis mannvirki s.s. flugbraut og vegi og telst svæðið því vera raskað. Ráðgert er að leggja brautir þannig að þær liggi utan votlendis og einungis flatir verða mótaðar með vinnuvélum verður reynt að láta slátt nægja til að ná ásættanlegum sléttleika á flötum og þannig væntanlega draga úr raski vegna framkvæmdarinnar.

Kríuvarp hefur verið þéttast norðan við byggðina á Rifi, en talsvert varp hefur einnig verið austast á umræddu svæði. Svæði kríuvarps milli Rifs og Hellissands er eitt það stærsta í Evrópu skv. greinargerð. Tekið er fram að nyrsti hluti fyrirhugaðs golfvallarsvæðis verði endurmetinn ef talið verður að lega vallarins gæti truflað kríuvarp. Umhverfisstofnun tekur undir þau áform.

Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er knöpp en þar koma fram þau atriði sem helst skipta máli. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdinni ætti hagað á þann hátt að hún valdi ekki umtalsverðu raski á búsvæði fugla á svæðinu. Stofnunin vill benda á að til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf ætti jarðvinna að fara fram utan varptíma en stofnunin minnir á að slíkt er hægt að setja sem skilyrði í leyfum framkvæmdarinnar.

Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
sérfræðingur


Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur